

fræðslufundur

– að ganga með barn og hafa ígrætt nýra –

Fimmtudaginn 15. apríl nk

Margrét Birna Andrésdóttir nýrnalæknir
heldur fyrirlestur um meðgöngu og fæðingu
kvenna sem hafa ígrætt nýra.

Fundurinn verður haldinn í kaffistofu
starfsmanna á 1. hæð í Hátúni 10b og hefst
klukkan 20:00.

Eftir fyrirlesturinn verður fyrirspurnum
svarað.

KAFFIVEITINGAR OG NOTALEGHEIT

Takið með ykkur gesti!



FRÉTTABRÉF

2. tbl. 23. árg. mars 2010

Meðal efnis:

- aðalfundur
- munið næsta fræðslufund
○ sjá bakhlið
- stuðningsfundir á Akureyri

ERTU RÉTT SKRÁÐ(UR)?

Nýtt heimilisfangi? Breytt símanúmer?
Nýtt netfang?

LÁTTU VITA Í SÍMA FÉLAGSINS 561-9244
EÐA Í NETFANGIÐ nyra@nyra.is

Þá færðu örugglega póstinn frá félaginu

NÆSTU STUÐNINGSFUNDIR

Tengslahóps

nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra

Reykjavík: miðvikudaginn 7. apríl

í Hátúni 10b 9. hæð

fundurinn hefst kl. 19:30

Akureyri: miðvikudaginn 31. mars

í safnaðarheimili Akureyrarkirkju

fundurinn hefst kl. 20:00

**Nánari upplýsingar á www.nyra.is
og í síma 896 6129**

Félag nýrnasjúkra

Hátúni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244

Netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: www.nyra.is

Kæru félagar

Aðalfundur félagsins var haldinn 24. mars sl. og var vel mætt. Áður en sjálfur aðalfundurinn hófst var sýnd myndin ***Ef nýrun gefa sig – fræðslumynd um meðferð nýrnabilunar.*** Myndina lét félagið framleiða og verður hún sýnd fljótlega í sjónvarpinu. Síðar mun hún einnig verða aðgengileg á heimasíðu félagsins. Það er mikið stórvirki fyrir lítið félag að láta búa til slíka mynd og þar lögðu margir hönd á plóg.

Í myndinni er öllum þáttum meðferðar við nýrnabilun gerð skil – kviðskilun, blóðskilun og ígræðslu nýra bæði með faglegum útskýringum og viðtölum við fólk sem þekkir hverja meðferð fyrir sig. Það er von stjórnarinnar að myndin verði gagnleg öllum þeim sem vilja fræðast um meðferð nýrnabilunar.

Það er margt á döfinni hjá félaginu á þessu ári – fræðslufundur, vorferð og haustfagnaður eru atburðir sem þegar hafa verið ákveðnir. Það er mjög mikilvægt að þeir félagsmenn sem hafa tök á mæti og taki þátt í starfi félagsins. Í félagsstarfinu kynnumst við og öðlumst þekkingu á málefnum hvers annars.

Jórunn Sörensen

Stjórn félagsins skipa nú: Jórunn Sörensen formaður.
Aðrir í stjórn eru: Hallgrímur Viktorsson, Jóhanna G. Möller, Ívar Pétur Guðnason, Margrét Haraldsdóttir. Varamenn eru: Magnús Sigurðsson og Lilja Kristjánsdóttir.

Skýrsla stjórnarinnar verður birt á heimasíðu félagsins

Líf og lífsgæði verður þema á stuðningsfundum Tengslahópsins 7. apríl nk.
Athugið – BREYTTUR FUNDARSTAÐUR.
Fundurinn verður í kaffistofu starfsmanna á 1. hæð í Hátúni 10b.
Fundurinn hefst klukkan 19:30.
Stundvísi er mikilvæg.

Stuðningsfundir á Akureyri eru haldnir í safnaðarheimili Akureyrarkirkju og hefjast klukkan 20:00

Fundir á þessu ári verða sem hér segir:

- miðvikudaginn 31. mars
- miðvikudaginn 28. apríl
- miðvikudaginn 26. maí
 - ekki verða fundir í júní og júlí
- miðvikudaginn 25. ágúst
- miðvikudaginn 29. september
- miðvikudaginn 27. október
- miðvikudaginn 24. nóvember
 - ekki verður fundur í desember

Merkið fundina inn á dagatalið!



MINNINGARKORT OG HEILLASKEYTI

- Minningarkort og heillaskeyti fást í síma félagsins **561-9244.**
- Salóme afgreiðir einnig minningarkortin eins og hún hefur gert um árabíl. Síminn hjá Salóme er: **568-1865.**
- Minningarkortin eru líka seld í Blómabúð Akureyrar og blómabúðinni Akri á Akureyri.